

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, Mýrargata, slippasvæði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 23. maí 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Þéttlingarsvæði nr. 4 er endurskilgreint og afmarkast nú af Ánanaustum og Grandagarði í vestri, Ægisgarði til norðurs, Verbúðarbryggjum og Hafnarbúðum til austurs og að sunnan af Mýrargötu, Ægisgötu, lóðamörkum við Nýlendugötu og Vesturgötu og Seljavegi og Vesturgötu að Ánanaustum. Er gert ráð fyrir 700 íbúðum á svæðinu, þar af allt að 200 hjúkrunaríbúðum í stað 200 íbúða alls áður.
- Gert er ráð fyrir færslu Mýrargötu sem stofnbrautar til norðurs inn á núverandi slippasvæði. Stofnbrautin er lögð í stokk og verða gangamunnar annarsvegar skammt vestan Seljavegar og hins vegar austan Ægisgötu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 23. maí 2006.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 26. maí 2006